

Lög

um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

- Í stað orðanna „Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða“ í 1. másl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða.
- Í stað orðanna „úrskurð umsjónarnefndar“ í 2. másl. kemur: ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna“ í 4. másl. 1. mgr. 6. gr., 7. mgr. 12. gr. og 3. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna og orðanna „umsjónarnefndar eftirlauna“ í 7. másl. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 18. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins.

3. gr.

Í stað orðsins „úrskurðun“ í 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: ákvörðun.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 8. gr. laganna:

- Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða“ í 1. másl. kemur: Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákveða.
- Í stað orðanna „úrskurð umsjónarnefndar“ í 2. másl. kemur: ákvörðun stofnunarinnar.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

- Í stað orðanna „umsjónarnefnd eftirlauna“ í 5. másl. 2. mgr. og 5. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.
- Í stað orðanna „umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða“ í 2. másl. 6. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins ákveður.
- b. Í stað orðanna „umsjónarnefnd eftirlauna“ í 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Tryggingastofnun ríkisins.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „Nefndin“ í 1. málsl. 2. mgr., orðsins „nefndinni“ í 2. málsl. 2. mgr. og orðsins „nefndarinnar“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Tryggingastofnun ríkisins.
- c. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. kemur: stofnunin.
- d. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- e. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er að kæra ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins sem teknar eru á grundvelli laga þessara til úrskurðarnefndar almannatrygginga.

8. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og ákvörðunum stofnunarinnar, færir þær á viðskiptareikning hjá Atvinnuleysisstryggingasjóði og krefur ríkissjóð og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um útgjaldahluta þeirra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010.

Samþykkt á Alþingi 16. desember 2009.